

Tilraunaverkefni um hljóðvist í leikskólum

Greinargerð 14. sept. 2016

Þann 17. nóvember var hljóðvistarkönnunin send út í 11 leikskóla hér á Akureyri, til alls 272 starfsmanna. Könnunin var opin til 3. desember og þá höfðu 82% starfsmanna svarað könnuninni. Svarhlutfallið í Krógabóli, Lundarseli og Naustatjörn þ.e leikskólunum sem taka þátt í tilraunaverkefninu var ívið hærra eða 91% svörun.

Mælingar á vegum Valdísar I. Jónsdóttur radd- og talmeinafræðings voru gerðar í Naustatjörn þriðjudaginn 1. desember, í Krógabóli miðvikudaginn 2. desember og í Lundarseli fimmtudaginn 3. desember. Aðstoðarkona Valdísar, Lovísa Kristjánsdóttir, sá um þessar mælingar þ.e. hún sá um aðalmælirinn. Valdís óskaði eftir því að settur yrði upp aukamælir og sáu leikskólastjórnir um þann mælir. Gerðar voru skráningar um leið og verið var að mæla með báðum mælunum, Lovísa sá um skráningar fyrir aðalmælirinn, en leikskólastjórnir fyrir aukamælirinn. Áfangaskýsla um lækkun hávaða í leikskólum kom frá Valdís I. Jónsdóttir í mars 2016.

Sigurður Karlsson hjá Vinnueftirlitinu gerði ómtímamælingar í leikskólum, Naustatjörn, Lundarseli og Krógabóli þann 4. og 5. janúar 2016. Skýrsla frá Sigurði barst í febrúar 2016.

13. apríl 2016

Greinargerð um hvernig brugðist verður við þeim niðurstöðunum sem komu fram í mælingunum í leikskólunum og spurningalistunum sem starfsmenn svöruðu.

Húsnæðið

Naustatjörn

- Tjarnarhóll leikstofur – setja upp hljóðeinangrandi veggplötur
- Salur – setja upp hljóðeinangrandi veggplötur – ath. að fylla undir pallinn í salnum
- Yfirfara viftur – ath. hávaða frá loftræstingu
- Breyta uppröðun deilda til að minnka hávaða í forstofu og á göngum fyrir framan deildir– þetta verður gert í sumar

Lundarsel

- Laga fúguna á gólflísunum í fataherbergum í forstofum á Bangsa/Kisudeild og á Krúdeildinni

Krógaból

- Hreiðrið – setja upp hljóðeinangrandi veggplötur – fylla undir pallinn – laga viftu á snyrtingu
- Fataherbergi eldri barna – setja upp hljóðeinangrandi veggplötur eða endurnýja loftplötur
- Yfirfara innihurðir og draga úr skellum frá þeim

Búnaður

- *Borðdúkar* – settir verða vandaðir dúkar á borðin á eina deild í þessum þremur skólum
- *Borð- og stólfætur* – í Lundarseli verður sett klæðning undir fæturna til að draga úr skellum
- *Matarílát* – bæta umgengni um matarílát og plastdiskar koma á eina deild í Naustatjörn. Einnig verða sett ílát úr mjúku plasti en nokkur hávaði fylgir því þegar hnífapör skella í hörðum plastílátum
- *Gólfmottur* – fjölga gólfmottum til að draga úr hávaða frá leikföngum
- *Leikfangakassar og hillur* - setja mjúkt efni í botninn til að draga úr skellum
- *Snyrtingar* - setja plasttappa á klósettseturnar og hurðahlerana inn til að draga úr skellum
- *Lundinn* – búið er að skipta borðunum og stólunum milli á stofanna til að draga úr hávaða
- *Kubbar* - ákveðnar umgangsreglur og fjöldi barna hverju sinni í leiknum
- *Fataherbergi* – hafa hvorki poka né töskur nema út tauefni því það myndast hávaði þegar töskur/pokar skella í gólf auk þess sem mikið skráf fylgir pokum nema þeir séu út tauefni. Aukaföt geymd í körfum, annað hvort í forstofu eða inni á deild. Foreldrar setja þau föt sem nota á yfir daginn í hólfin.
- fara með færri börn í fataherbergið hverju sinni og reyna að fækka börnum á hverju svæði fyrir sig – það skiptir líka máli.

Raddmenning

Í febrúar og mars er Valdís I. Jónsdóttir talmeinafræðingur búin að vera með fræðslu fyrir leikskólustarfsmenn í sjö leikskólum en þrír skólar eiga eftir að fá fræðslu. Megin athugasemdirnar frá Valdísi vegna þessa tilraunaverkefnis er að breyta þarf hegðun og umgengni nemenda og kennara og einnig þarf að bæta radd og hávaðamenningu.

Ein deild í hverjum leikskólanna þriggja sem tóku þátt í þessu tilraunaverkefni munu því frá apríl og fram í miðjan maí leggja megináherslu á að nýta sér vel þá fræðslu sem starfsmennirnir hafa fengið frá Valdísi um raddheilsu kennara og nýta barnabókin Töfratappanir eftir Valdísi til að fræða börnin um leynadardóma raddarinnar.

Einnig verður lögð enn meiri áhersla á það við kennara hve miklu máli það skiptir fyrir hljóðvist hvernig þeir beita rödd sinni og hvernig þeirra hegðun og framkoma er í starfi, því kennararnir eru fyrirmyndir barnanna.

Til umhugsunar:

- Fara kennararnir til barnanna og ræða við þau eða kalla þeir yfir hópinn?
- Sitja þeir hjá börnum í leik, t.d. á gólfi eða nálægt börnunum eða eru þeir á spjalli við samstarfsfólk sem gerir það að verkum að börnin hafa hærra.
- Hvernig gefa kennarar fyrirmæli? Yfir allan hópinn eða með einstaklingsskilaboðum eða myndrænum skilaboðum?
- Annað sem skiptir máli eru hljóð sem kennarar stýra s.s. tónlist, hversu hátt er tónlistin stillt? Þarf alltaf að vera tónlist t.d. í sal?

Það er búið að bregðast við svo til öllum þessum tilmælum um lagfæringar og Valdís er búin að vera með fræðslu um raddheilsu kennara í níu leikskólum, en tveir skólar eiga eftir að fá fræðslu í október.

Seinni mælingarnar í skólunum fóru fram í lok maí, í Naustajörn þriðjudaginn 24. maí, í Krógabóli miðvikudaginn 25. maí og í Lundarseli fimmtudaginn 26. maí. Aðstoðarkona Valdísar, Lovísa Kristjánsdóttir, sá einnig um þessar mælingar en í þetta sinn var enginn aukamælir.

Þann 24. júní var seinni hljóðvistarkönnunin send út í þessa þrjá leikskóla sem mælt var í. Könnunin var opin til 5. júlí, en leikskólarnir Lundarsel og Krógaból lokuðu vegna sumarleyfa þann 27. júní og Naustajörn þann 4. júlí. Könnunina fengu alls 78 starfsmenn og svarhlutfallið í þessari könnun var 60%.

Hrafnhildur G. Sigurðardóttir
leikskólafulltrúi
Skóladeild Akureyrar